

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl 2009**

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um 20,7 ma.kr., sem er 49,1 ma.kr. lakari útkoma heldur en á sama tímabili í fyrra. Tekjur reyndust um 9,5 ma.kr. lægri en í fyrra á meðan að gjöldin hækka um 42,5 ma.kr.

**Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-apríl 2005-2009**

	Í milljónum króna				
	2005	2006	2007	2008	2009
Innheimtar tekjur	114.301	124.598	149.248	160.788	151.271
Greidd gjöld	103.202	100.458	115.320	125.208	167.742
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>11.099</b>	<b>24.140</b>	<b>33.928</b>	<b>35.581</b>	<b>-16.471</b>
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-	-	-
Breyting viðskiptahreyfinga	1.993	207	-3.043	-7.202	-4.249
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>13.092</b>	<b>24.347</b>	<b>30.885</b>	<b>28.379</b>	<b>-20.720</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>7.518</b>	<b>-2.478</b>	<b>-29.401</b>	<b>-2.354</b>	<b>8.176</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>19.356</b>	<b>21.869</b>	<b>1.484</b>	<b>26.025</b>	<b>-12.544</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-29.826</b>	<b>-31.685</b>	<b>-32.024</b>	<b>-804</b>	<b>-1.337</b>
Innanlands	-13.607	-9.179	-20.915	-700	-1.337
Erlendis	-16.219	-22.506	-11.109	-104	0
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-1.200</b>	<b>-1.320</b>	<b>-1.320</b>	<b>-1.320</b>	<b>0</b>
<b>Lánsfjárfjöfnuður, brúttó</b>	<b>-11.670</b>	<b>-11.136</b>	<b>-31.864</b>	<b>23.901</b>	<b>-13.881</b>
<b>Lántökur</b>	<b>13.949</b>	<b>6.456</b>	<b>46.052</b>	<b>9.701</b>	<b>43.706</b>
Innanlands	2.169	2.910	41.661	9.701	37.138
Erlendis	11.780	3.545	4.391	-	6.568
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>2.279</b>	<b>-4.680</b>	<b>14.188</b>	<b>33.602</b>	<b>29.825</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs á fyrstu fjórum mánuðum ársins voru rúmlega 151 ma.kr. sem er tæplega 10 ma.kr. lægri tekjur en á sama tíma árið 2008. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu rúmlega 159 ma.kr. og er frávikið því um 8 ma.kr. Munar þar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu tæplega 132 ma.kr. og drógust saman um 11,1% að nafnvirði og um 25,5% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Aðeins hefur hægt á samdrættinum að raunvirði milli ára en hann er þó enn mikill eða um 25,8% þegar horft er á 4 mánaða meðaltal. Þá jukust aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs umtalsvert á fyrstu fjórum mánuðum ársins frá sama tíma 2008 en þar munar mest um hærri vaxtatekjur.

Skattar á tekjur og hagnað námu um 63 ma.kr. og drógust saman um 2,6% að nafnvirði frá fyrsta þriðjungi ársins 2008. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga tæpum 30 ma.kr. sem er samdráttur um 4,5% að nafnvirði. Tekjuskattur lögaðila var rúmlega 5 ma.kr. og dróst saman um 31,1% að nafnvirði og fjármagnstekjuskattur nam um 28 ma.kr. sem er aukning um 8,2% frá sama tíma í fyrra. Innheimta eignarskatta var tæplega 2 ma.kr. sem er samdráttur um 41,6% frá fyrra ári, þar af voru stimpilgjöld rúmlega milljarður króna og drógust þau saman um 54,1%.

Innheimta almennra veltuskatta nam tæplega 52 ma.kr. á fyrsta þriðjungi ársins og dróst saman um 18,8% að nafnvirði á milli ára eða um 31,9% að raunvirði (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal er raunlækkunin á milli ára enn mikil eða 31,7% (sjá mynd). Virðisaukaskattur nam um 37 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins og dróst saman um 8 ma.kr. frá sama tíma 2008. Samdrátturinn nemur 17,9% að nafnvirði og 31,2% að raunvirði. Virðisaukaskattur í aprílmánuði einum nam tæplega 9 ma.kr. en hann kemur af smásölu fyrir mánuðina janúar og febrúar. Þar af er um 0,9 ma.kr. vegna gjalddaga marsmánaðar en breyttar reglur um gjalddaga skattsins tóku gildi í mars og gilda til ársloka. Í marsmánuði var því aðeins þriðjungur virðisaukaskattsins á gjalddaga og hinir tveir þriðjungarnir áttu að koma til greiðslu í apríl og maí. Það virðast ekki allir hafa nýtt sér þessa frestun og er því einungis tæplega milljarður sem kemur inn í aprílmánuði. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum eða 91,3% en nýskráningar bifreiða drógust saman um rétt tæplega 90% á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu tæpum 2 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum voru rúmlega 12 ma.kr. sem er samdráttur um annars vegar 15,5% og hins vegar 9,8% á milli ára.



**Greidd gjöld** nema 167,7 ma.kr. og hækka um 42,5 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 34%. Milli ára hækka útgjöld mest til almennrar opinberrar þjónustu eða um 17,2 ma.kr., þar sem

vaxtagreiðslur ríkissjóðs skýra 14,8 ma.kr. Þá hækka útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála um 12,8 ma.kr. sem skýrist að mestu með 7,5 ma.kr. hækkun útgjalda atvinnuleysistryggingasjóðs á milli ára og 2 ma.kr. vegna útgjalda lífeyristrygginga sem hækka um 14,0%. Útgjöld til heilbrigðismála aukast um 6,4 ma.kr. milli ára þar sem útgjöld til sjúkratrygginga skýra 3,8 ma.kr. og útgjöld til Landspítala aukast um 989 m.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála aukast um 4,4 ma.kr. og skýra framkvæmdir Vegagerðarinnar um 1,4 ma.kr. Útgjöld til menntamála aukast um 1,8 ma.kr. þar sem útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna aukast um tæpar 500 m.kr. milli ára. Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála lækka um 963 m.kr. milli ára. Breytingar í öðrum málaflokkum eru minni en þær sem áður hafa verið taldar. Útgjöldin eru 2,1 ma.kr. innan áætlunar og skýrist það að mestu af því að framkvæmdir í samgöngumálum og annarri fjárfestingu fara hægar af stað en gert hafði verið ráð fyrir.

**Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs** er neikvæður um 13,9 ma.kr. í apríl á móti jákvæðum lánsfjárfjöfnuði upp á 23,9 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 12,5 ma.kr. og lækkar um 38,6 ma.kr. á milli ára sem skýrist með lækkun á handbæru fé frá rekstri. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 60,7 ma.kr. og lækkað stofn ríkisvixla um 23,6 ma.kr. Þá tók ríkissjóður lán frá Færeypjum í mars að fjárhæð 300 milljónir danskra króna, jafnvirði 6,4 milljarða íslenskra króna. Á móti námu afborganir 1,3 ma.kr. sem skiptist jafnt á milli spariskirteina og annarra lána ríkissjóðs.

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2007	2008	2009	2007	2008	2009
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>138.420</b>	<b>148.094</b>	<b>131.615</b>	<b>18,1</b>	<b>7,0</b>	<b>-11,1</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>58.370</b>	<b>64.877</b>	<b>63.187</b>	<b>22,3</b>	<b>11,1</b>	<b>-2,6</b>
Tekjuskattur einstaklinga	29.985	31.045	29.657	16,4	3,5	-4,5
Tekjuskattur lögaðila	7.678	7.842	5.400	-4,9	2,1	-31,1
Skattur á fjármagnstekjur	20.707	25.990	28.130	49,0	25,5	8,2
<b>Eignarskattar</b>	<b>3.596</b>	<b>2.956</b>	<b>1.725</b>	<b>-0,7</b>	<b>-17,8</b>	<b>-41,6</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>61.601</b>	<b>63.859</b>	<b>51.842</b>	<b>16,2</b>	<b>3,7</b>	<b>-18,8</b>
Virðisaukaskattur	44.627	44.959	36.915	24,3	0,7	-17,9
Vörugjöld af ökutækjum	2.652	3.962	343	-35,5	49,4	-91,3
Vörugjöld af bensíni	2.855	2.757	3.019	1,5	-3,4	9,5
Skattar á olíu	2.310	2.494	2.160	14,3	8,0	-13,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	3.549	3.579	3.845	4,5	0,9	7,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	5.606	6.107	5.561	17,9	8,9	-8,9
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>1.431</b>	<b>1.940</b>	<b>1.640</b>	<b>61,4</b>	<b>35,6</b>	<b>-15,5</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>324</b>	<b>723</b>	<b>827</b>	<b>39,5</b>	<b>123,1</b>	<b>14,4</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>13.099</b>	<b>13.739</b>	<b>12.395</b>	<b>12,0</b>	<b>4,9</b>	<b>-9,8</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>355</b>	<b>57</b>	<b>140</b>	<b>40,4</b>	<b>-84,0</b>	<b>145,3</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>9.560</b>	<b>10.559</b>	<b>19.222</b>	<b>33,7</b>	<b>10,5</b>	<b>82,0</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>568</b>	<b>2.077</b>	<b>294</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>148.904</b>	<b>160.788</b>	<b>151.271</b>	<b>19,5</b>	<b>8,0</b>	<b>-5,9</b>

### Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2007	2008	2009	2008	2009
Almenn opinber þjónusta	15 172	17 174	34 363	13,2	100,1
þar af vaxtagreiðslur	4 905	4 980	19 770	1,5	297,0
Varnarmál	193	508	507	163,4	-0,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	5 355	6 410	5 447	19,7	-15,0
Efnahags- og atvinnumál	15 040	15 255	19 621	1,4	28,6
Umhverfisvernd	1 164	1 069	1 339	-8,2	25,3
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	147	174	51	18,2	-70,7
Heilbrigðismál	29 468	31 278	37 652	6,1	20,4
Menningar- íþróttar- og trúmál	5 721	6 113	6 575	6,9	7,6
Menntamál	13 437	14 745	16 504	9,7	11,9
Almannatryggingar og velferðarmál	27 004	29 087	41 854	7,7	43,9
Óregluleg útgjöld	2 619	3 396	3 830	29,7	12,8
<b>Gjöld alls</b>	<b>115 320</b>	<b>125 208</b>	<b>167 742</b>	<b>8,6</b>	<b>34,0</b>